

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um veiðar á sjaldgæfum fiski við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve mikið hafa íslensk skip veitt árlega hér við land síðan 1990 af
  - a. búra,
  - b. blálöngu,
  - c. einstökum tegundum langhala,
  - d. laxsild?
2. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um veiði erlendra skipa á þessum fiski hér við land á sama tíma, skipt eftir árum og skráningarlöndum skipanna?
3. Hvar við landið veiðist fiskurinn einkum? Óskað er eftir að veiðisvæði komi fram á korti þar sem útlínur efnahagslögsagna eru líka dregnar.
4. Á hvaða dýpi veiðist fiskurinn aðallega og í hvers konar veiðarfæri?
5. Eru tegundirnar ofveiddar eða er talin hætt á ofveiði? Ef sérstakir þættir í líffræði tegundanna eru taldir skapa hættu á ofveiði er óskað upplýsinga um það.
6. Telja sérfræðingar ráðuneytisins líkur á að fiskinn verði hægt að veiða með arðbærum hætti í framtíðinni? Óskað er ítarlegs rökstuðnings fyrir hverja tegund ef svo er.
7. Er aflinn talinn tilheyra sérstökum stofni eða er hann álitinn hluti af stærri stofni sem nær yfir víðara hafsvæði? Í síðara tilvikinu er óskað röksemda fyrir niðurstöðunni.
8. Hver hefur verið meðalþyngd tegundanna í afla? Veiðist fiskurinn í hrygningarástandi eða sem geldfiskur?
9. Hver eru helstu markaðssvæðin fyrir þennan fisk?
10. Liggja fyrir upplýsingar um meðalverð á mörkuðum fyrir aflann á fyrrgreindu árabili? Telja sérfræðingar ráðuneytisins unnt að gera veiðarnar arðbærari með frekari vinnslu og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.